

„Blítt bros og hlýtt faðmlag“ Um viðhorf leikskólakennara til umhyggju í leikskólastarfi

Sigríður Síta Pétursdóttir
Fræðsluviði Kópavogsbæjar

Markmið greinarinnar er að varpa ljósi á viðhorf leikskólakennara til umhyggju í leikskólastarfi¹. Áhersla er lögð á að fá fram skilning og skilgreiningu sautján leikskólakennara á hugtakinu umhyggja og þýðingu þess fyrir þroska og nám barna. Gögnum var safnað með einstaklingsviðtölum og viðtölum við rýnihópa. Með því að gefa leikskólakennurum tækifæri til að velta fyrir sér og orða skilgreiningar sínar á hugtakinu umhyggja er gerð tilraun til að dýpka þá vitneskju sem fyrir er um hugtakið í leikskólastarfi. Meginniðurstöður rannsóknarinnar, sem fram fór í tveimur íslenskum leikskólum, eru þær að umhyggja er viðhorf sem byggist m.a. á faglegri þekkingu, stuðningi og því að setja mörk. Leikskólakennararnir telja umhyggju vera mikilvæga fyrir tilfinningalegan, félagslegan og vitrænan þroska barna, hún sé forsenda þess að barn geti lært og þroskast fyrir eigin verðleika. Þátttakendur álíta að mikilvægi blíðra brosa og hlýrra faðmlaga sé vanmetið í starfinu í leikskólum. Það skipti verulegu máli fyrir vellíðan barnsins og hæfni þess til að nema af umhverfinu að því sé mætt af hlýju og virðingu. Samkvæmt leikskólakennurunum á umhyggja að vera undirliggjandi í öllu leikskólastarfi. Svo virðist sem leikskólakennarar noti hugtökin umhyggja og umönnun jöfnum höndum. Algengasti greinarmunurinn sem leikskólakennararnir, sem rætt var við, gera er að: umönnun felist í líkamlegri umhirðu en umhyggja felist í viðhorfum og afstöðu til barna.

Hagnýtt gildi: Niðurstöðurnar ættu að geta gagnast sem innlegg í umræðu leikskólans um faglegt starf. Í greininni er gengið út frá þeirri skilgreiningu að umhyggja merki það að annast um einhvern af áhuga, hlýju og ábyrgð, þannig að sá sem umönnunar og umhyggju nýtur öðlist öryggi og traust til að geta tileinkað sér þekkingu í gegnum daglegar athafnir. Greinin er framlag til að auka fyrirferð umhyggju í faglegri umræðu.

Í gegnum tíðina hefur verið töluverð umræða meðal leikskólakennara um þátt umhyggju og umönnunar í skólastarfi. Umræðan hefur af og til snúist um það hvort skipta eigi

leikskóladeginum upp í skipulagðar stundir þar sem fari fram kennsla og frjálssar stundir þar sem börn leiki sér². Þær raddir hafa einnig heyrst að það sé annarra en leikskólakennara

¹ Greinin er unnin upp úr meistaraþrófsritgerð minni (2008), *Umhyggja í leikskóla, viðhorf og starf leikskólakennara*. Þar var annars vegar leitað eftir skilgreiningum leikskólakennara á hugtakinu umhyggja og hins vegar því hvernig umhyggja birtist í leikskólastarfinu. Sá hluti sem hér er tekinn til umfjöllunar er um skilning og skilgreiningar leikskólakennara á umhyggjuhugtakinu. Leiðbeinendur voru Jóhanna Einarsdóttir prófessor og Kristján Kristjánsson prófessor.

² Umræðan hefur fyrst og fremst fengið byr þegar erfiðlega hefur gengið að ráða leikskólakennara og annað starfsfólk við leikskólana. Skólamálanefnd Félags leikskólakennara samþykkti árið 2005 að fjallað yrði með skipulegum hætti um hugmyndir sem fram höfðu komið um það hvort skilgreina ætti dvalartíma barna í leikskólum, til dæmis annars vegar sem skólátíma og hins vegar sem afþreyingu.

að sjá um líkamlega umönnun barnanna (Jóhanna Thorsteinsson, 1999a, 1999b). Aðrir hafa bent á að starfið í leikskólanum byggist jöfnum höndum á umönnun einstaklinganna og umhyggju fyrir þeim (Elva Ónundardóttir, Gunnur Árnadóttir og Sigríður Sturludóttir, 2006; Jóhanna Einarsdóttir, 2003). Þar sem sýnt hefur verið fram á að gæði umhyggju geta tengst greind barna (Shore, 1997) og að við leik og umhyggjusöm samskipti við fullorðna og jafnaldra þroskast barnið og lærir (Broström, 2003; Karlsson-Lohmander og Pramling-Samuelsson, 2003) má ætla að hlýja, öryggi, traust og umhyggja fyrir einstaklingnum skipti miklu máli fyrir þroska barnsins.

Uppeldisfræðingurinn og heimspekingurinn Nel Noddings hefur verið ötull talsmaður þess að umhyggja sé höfð að leiðarljósi í skólastarfi. Hún telur m.a. að umhyggjusamur kennari kenni það sem barnið vill læra og gangi ekki lengra en barnið þolir en sé tilbúinn þegar barnið er tilbúið til þess að ögra því og ýta áfram í þroska og færni (Noddings, 2002). Í bók sinni *On Caring* bendir Milton Mayeroff (1971) m.a. á að þegar einstaklingur ber umhyggju fyrir öðrum stuðlar hann að því að viðkomandi vaxi og dafni.

Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á því hvaða skilning leikskólakennarar leggja í hugtakið *umhyggja* í starfi með leikskólabörnum og niðurstöðurnar m.a. bornar saman við skilgreiningar Noddings og annarra fræðimanna á hugtakinu.

Skilgreiningar á umhyggju

Samkvæmt íslenskri orðabók merkir það að bera umhyggju fyrir einhverjum að láta sér annt um velferð hans. Umönnun merkir samkvæmt sömu orðabók að annast um, umhirða (Íslensk orðabók, 2002). Má því segja að umönnun sé tæknilegra hugtak en umhyggja, annað (umönnun) snúist um framkvæmd en hitt (umhyggja) frekar um viðhorf og tilfinningar.

Noddings (2003) skilgreinir hugtakið „care“ (umhyggja) sem það að láta sig einhvern eða eitthvað varða, ýmist af skyldurækni eða af því að maður af einlægum áhuga ber velferð einhvers fyrir brjósti. Má því segja að hugtakið

„care“ nái bæði yfir umönnun og umhyggju eins og þau eru skilgreind í Íslenskri orðabók. Umhyggja fyrir einstaklingi byggist að mati Noddings á nánnum samskiptum tveggja og þar koma alltaf við sögu bæði veitandi og þiggjandi. Leikskólakennarinn er yfirleitt sá sem veitir og börnin þau sem þiggja. Sá sem veitir umhyggju skilur þann sem þiggur og áttar sig á líðan hans, hefur skilning á þörfum hans. Sá sem þiggur þarf að skilja, átta sig á að eitthvað er gert eða sagt af umhyggju fyrir honum, en það er ekki endilega alltaf svo ljóst í samskiptum barna og leikskólakennara. Noddings (2003, 2005) telur að árekstrar eða flækjur geti skapast milli veitanda og þiggjanda ef ekki er hlustað eða reynt að setja sig í spor þess sem á að þiggja. Að sama skapi geti umhyggja snúist upp í andhverfu sína ef ekki er hlustað eftir vilja, löngun eða væntingum þess sem þiggur. Sá sem umhyggjan beinist að þarf að meðtaka hana, hann þarf að skynja og upplifa að umhyggjunni sé beint til hans. Það er hvatinn eða hugarfarið, sem liggur að baki umhyggjunni, sem er útgangspunkturinn og ræður eðli umhyggjunnar. Leikskólakennarinn þarf því að *sjá* og *heyra* hvert einstakt barn svo að öll fái þá umhyggju sem þau þarfnast. Ef allt er eins og best verður á kosið má ætla að börnin beri mikla umhyggju fyrir leikskólakennurunum sínum; því geta leikskólakennararnir líka verið þiggjendur og umhyggjan gagnkvæm.

Noddings (2003) telur að takmark menntunar ætti að vera að einstaklingurinn öðlist trú á sjálfan sig og eigin getu og verði hamingjusamur, en til að svo megi vera verði hann að fá grunnþörfum sínum fullnægt. Maslow (1987) setti fram kenningu, í formi píramída, um grunnþarfir mannsins. Neðst í píramídanum eru þarfirnar fyrir næringu, öryggi og traust. Þörfin fyrir að tilheyra og vera elskaður er einnig neðarlega í píramídanum og því framarlega í forgangs röðinni. Efst á píramídanum trónir þörfin fyrir sjálfsbirtingu (self-actualization need), þörfin fyrir að verða heilsteyptur og þroskaður einstaklingur. Maslow hélt því fram að þó að öllum grunnþörfum væri fullnægt yrði maðurinn ekki

sáttur nema hann fengi að njóta þess sem hugur hans stæði til. Hver og einn verði að vera trúr sjálfum sér og fá tækifæri til að þroska hæfileika sína. Allir þarfnist þess að vera sýnd umhyggja, að fá jákvæð viðbrögð við gerðum sínum (Noddings, 2002). Sroufe (1995) telur, líkt og Noddings, umhyggju byggjast á nánum tengslum fullorðins og barns. Sroufe byggir niðurstöður sínar á langtímarannsóknum, sem sýna fram á að tengslin sem myndast á fyrstu æviárum einstaklingsins eru grunnurinn að tilfinningaþroska hans og sjálfsmynd. Niðurstöður hans sýna að sú umhyggja sem einstaklingurinn nýtur fyrstu æviárin, stuðningur og trú hins fullorðna á getu barnsins, er mikilvæg fyrir það sem síðar kemur.

Nýleg langtímarannsókn á áhrifum leikskóladvalar á vitrænan og félagslegan þroska barna sýnir að það sem skiptir máli er gæði umhyggjunnar og samskiptanna (Bornstein, Hahn, Gist og Haynes, 2006). Því er haldið fram að það sem barn lærir fyrir þriggja ára aldur, hvort sem það man það eða ekki, hafi áhrif á þroska þess síðar. Félagsþroski byrji þannig að byggjast upp fyrir þriggja ára aldur. Því sé fagleg færni leikskólakennara í að aðstoða börn við að læra af upplifunum sínum mikilvæg (Manning-Morton og Thorp, 2003; Goldschmied og Jackson, 2004; Johannson, 2001).

Sigríður Halldórsdóttir (1989) telur að í faglegri umhyggju felist fagleg færni og hlýja þar sem virðing fyrir skjólstæðingnum skipti höfuðmáli. Þótt Sigríður sé að fjalla um umhyggju út frá sjónarhorni sjúklinga á skilgreining hennar alveg jafnvel við innan skólans þar sem virðing fyrir einstaklingnum ætti að vera í forgrunni. Stig Broström (2003) telur umhyggju fela í sér athafnir, tilfinningar, hugsun og viðhorf. Í sama streng tekur Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2007) sem telur að í umhyggju fléttist saman þekking, viðhorf, tilfinningar og leikni.

Sigrún Aðalbjarnardóttir (2007) fjallar um umhyggju sem gildi og umhyggjusemi sem dygd. Samkvæmt því er umhyggja viðhorf en umhyggjusemi eiginleiki sem birtast í orðum

og athöfnum fólks. Í umhyggju felst að vera annt um „líðan, velferð og framtíðarhag“ annarra (bls. 75). Umhyggja kennara getur birst annars vegar í því að kennari sýni barni „hlýju og hjálpsemi“ þ.e. að honum sé annt um að barninu líði vel. Hins vegar getur umhyggja kennarans fyrir velferð barnsins birst sem vilji hans til að „efla margvíslegan þroska“ barnsins og láta það „finna til sín“ (bls. 79). Hugmyndir Sigrúnar eru samhljóða hugmyndum Noddings (2002) og Sroufe (1995), og undirstrika mikilvægi umhyggju fyrir félags- og tilfinningaþroska.

Að mati Elvu Öndardóttur o.fl. (2006) er hugtakið umhyggja regnhlífarhugtak sem nær yfir alla þætti í starfi leikskóla þar sem leikskólakennarar leitast við að skapa umhyggjusamt og þroskavænlegt námsumhverfi og fjölbreytt námstækifæri. Þær líta á umönnun sem undirhugtak umhyggju í þeim tilvikum þar sem fullorðinn annast barn sem hann er í nánum tengslum við. Þær virðast ekki gera þann greinarmun að umhyggja sé gildi en umönnun tæknileg úrlausn.

Umhyggja leikskólakennarans birtist m.a. í viðhorfi hans og sýn til barna og barnæsku. Umhyggjusamur leikskólakennari veitir hverju barni athygli og mætir þörfum þess, m.a. með það í huga að leiða það áfram í námi. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2007) talar um tvenns konar birtingarmyndir umhyggjusama kennarans, annars vegar *móðurlega umhyggju* þar sem vinnubrögð kennarans einkennast af því að halda vel utan um skjólstæðinga sína og hins vegar *prestlega umhyggju* (e. *pastoral care*) sem felst í umhyggju fyrir sálinni og vilja til að hafa áhrif til góðs fyrir framtíð skjólstæðingsins. Hvort heldur sem er þá eru líklega flestir sammála því að umhyggja kennarans ræður miklu um það hvort og hvernig barnið nær að tileinka sér þekkingu og færni (Sroufe, 1995; Broström, 2003; Noddings, 2005; Smith, 2004). Sroufe (1995) álitur að umhyggjusöm samskipti barns og fullorðins séu forsenda þess að barn geti tileinkað sér nýjungar.

Peter Westmark (2002) telur að umhyggja

kennarans fyrir börnum í hans umsjá þurfi ekki endilega að koma af sjálfu sér. Umhyggju þurfi að rækta og ígrunda, annars sé hætt á að hún verði látin í té af einhvers konar skyldurækni, verði vélræn. Þess vegna má halda því fram að umhverfi leikskóla sem einkennist af umhyggju fyrir einstaklingnum sé þroskavænlegt umhverfi þar sem reynt er að mæta þörfum allra barnanna. Umhyggja hefur að mati Goldstein (2002) verið vanmetin í skólastarfi þar sem fyrst og fremst hefur verið litið á umhyggjusama kennarann sem þann sem veitir hlýtt faðmrag, brosir blítt og hefur endalause þolinmæði gagnvart börnum. Þetta er ímynd kennara sem allt að því kæfir börnin með góðsemi sinni og gæti stuðlað að lærðu hjálparleysi. Þessi mynd er að sumu leyti rétt því að umhyggjusamur kennari hlustar og er til staðar fyrir börnin en eins og fram hefur komið snýst umhyggja um fleira. Umhyggjusamur kennari lætur sér annt um börnin, gerir kröfur, er sveigjanlegur en umfram allt býr hann yfir faglegrri færni.

Hugtökin umönnun og umhyggja eru áberandi í opinberum skjölum og gögnum sem leikskólastarf á Íslandi á að byggjast á. Hlýleg og traust umönnun sem fléttast inn í daglegt líf og starf leikskóladagsins er grundvallarforsenda þess að börn geti unað sér, leikið sér og lært (Menntamálaráðuneytið, 1985, 1993).

Ábyrg umönnun er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapar starfsfólkið nán tilfinningatengsl og trúnaðartraust milli sín og barnanna. Slík tengsl veita börnunum öryggi til þess að láta í ljós tilfinningar sínar, leika sér frjálst og skapandi, eiga frumkvæði, kanna umhverfi sitt og standa á eigin fótum eftir því sem þau hafa þroska til.

(Menntamálaráðuneytið, 1993, bls. 44).

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (Menntamálaráðuneytið, 1999) er tekið fram að veita eigi börnum umönnun og búa þeim hollt umhverfi og örugg leikskilyrði. Auk þess segir, á bls.

5: „Með nýrri aðalnámskrá fyrir leikskóla, hinni fyrstu sem gefin er út á Íslandi, er umhyggjan fyrir barninu höfð að leiðarljósi.“ Samkvæmt því hefur verið litið svo á að stöðir leikskólastarfsins – auk leiksins – væru traust, hlýja og umönnun, þar sem umhyggja fyrir barninu væri höfð í forgrunni. Það má því vera að hugtakið umönnun tengist frekar sýn á leikskóla sem gæslustofnun, en hugtakið umhyggja sýn á leikskóla sem menntastofnun. Hugsanlegt er að það sé ástæða þess að víða í leikskólaumhverfinu er ekki gerður skýr greinarmunur á þessum tveimur hugtökum.

Fleiri hliðar má finna; til dæmis að í leikskóla þurfi að vera rými til að skapa, til að hugsa og til að ræða saman (Dahlberg, 2004; Noddings, 2005; Rinaldi, 1999; Smith, 1993). Samkvæmt því felst umhyggja fyrir barninu m.a. í umhverfinu, þar sem allt sem að framan er talið vinnur saman og tengist innbyrðis. Umhverfið sendir ákveðin skilaboð um það sem ætlast er til af börnunum sem þar starfa og leika sér. Hægt er að lesa viðhorf til barna út frá skipulagi rýmisins, staðsetningu og aðgengi barnanna að efniviði leikskólans að mati Nordin-Hultman (2005).

Markmið og rannsóknarspurning

Markmið greinarinnar er að varpa ljósi á skilning leikskólakennara á umhyggju í leikskólastarfi og þýðingu þess skilnings fyrir þroska og færni barnsins til að læra. Til að nálgast markmiðið var sett fram rannsóknarspurningin „Í hverju felst umhyggja að mati leikskólakennara?“

Mér er ekki kunnugt um að gerð hafi verið sambærileg rannsókn í íslenskum leikskólum, né heldur erlendum, þar sem þeir sem vinna með börnunum skilgreina hugtökin umhyggja og umönnun.

Aðferð

Þátttakendur og gagnaöflun

Þátttakendur voru leikskólakennarar og leiðbeinendur í tveimur leikskólum. Bæði

leikskólar og þátttakendur voru valdir vegna þess að þeir hentudu tilgangi rannsóknarinnar; við val á þátttakendum var notað markmiðsúrtak (*e. purposeful sampling*). Við val á leikskólum og þátttakendum voru eftirfarandi viðmið höfð í huga: að leikskólakennarar væru í meirihluta starfsfólks, að minnst tveir leikskólakennarar væru á yngstu deildunum og að líf- og starfsaldur starfsfólks væri nokkuð breiður. Alls tóku fimm leikskólakennarar, þrír leiðbeinendur og einn grunnskólakennari þátt í rannsókninni. Þar að auki tóku tólf stjórnendur, leikskólastjórar og allir millistjórnendur í báðum leikskólunum, þátt í rýnihóp, allt konur. Að baki niðurstöðunum liggja því raddir sautján starfsmanna tveggja leikskóla. Þátttakendur voru á aldrinum 31 til 60 ára og starfsreynsla þeirra spannaði frá því að vera þrjú til tuttugu og eitt ár.

Gögnum var safnað með einstaklingsviðtölum við leikskólakennara og leiðbeinendur og í tveimur rýnihópum með stjórnendum leikskólanna. Til að gæta trúnaðar voru bæði viðmælendum og leikskólum gefin ný nöfn.

Ein leið til að reyna að auka áreiðanleika og réttmæti rannsóknarniðurstaðna er margprófun (*triangulation*). Með því að taka bæði viðtöl við leikskólakennara sem vinna með börnum og að hlusta á sjónarhorn stjórnenda í rýnihópum var leitast við að fá umræðu um umhyggjuhugtakið frá fleiri en einu sjónarhorni (Silverman, 2000; Hitchcock og Hughes, 1995).

Viðtöl

Í viðtölunum var stuðst við viðtalsramma sem samanstóð af nokkrum spurningum, en þó réðu viðmælendur mínir nokkuð ferðinni. Reynt var að vera vakandi fyrir þráðum til að spinna áfram í hverju samtali. Viðtölin voru tekin upp á stafrænt upptökutæki og vélrituð orðrétt.

Markmiðið með viðtölunum var að fá fram skilgreiningar og skilning leikskólakennaranna á hugtakinu umhyggja. Hjá Kvale (1996/1997) kemur fram að samtal getur leitt til þess að viðmælendur ígrundi það sem þykir sjálfsagt í starfinu og er ef til vill ekki oft íhugað. Þetta á einmitt við um umhyggju; henni virðist

yfirleitt ekki hafa verið gefinn mikill gaumur og litið á hana sem sjálfsagða og því ekki umræðu verða eða jafnvel að litið hafi verið á hana sem veikleika. Ákveðin áskorun fólst í því fyrir greinarhöfund að fá þátttakendur til að orða hugmyndir sínar og skilgreiningar um hugtakið.

Rýnihópar

Til að fá betri skilning á hugtakinu umhyggja voru settir saman tveir rýnihópar (focus groups) með stjórnendum hvors leikskóla. Ástæða þess að ég valdi stjórnendur er að ég geri ráð fyrir að viðhorf þeirra og skilningur hafi áhrif á áherslur í leikskólastarfinu og skipti því máli. Með notkun rýnihóps er gerð tilraun til að öðlast aukinn skilning á viðhorfum leikskólakennara til umhyggjuhugtaksins (Sóley Bender, 2003). Tilgangurinn var ekki að reyna að komast að einhverri einni niðurstöðu heldur að draga fram þau viðhorf og þann skilning sem ríkir innan viðkomandi leikskóla á umhyggjuhugtakinu.

Greining gagna

Greining gagna fólst í að flokka svörin og umræðurnar og búa til efnisflokka sem segðu söguna sem ætlunin var að segja (Bogdan og Biklen, 2007). Aðferðin felst í því að flokka svörin eftir lykilhugtökum sem birtast þegar textinn er lesinn. Lykilhugtökum fækkaði eftir því sem textinn var oftast lesinn og meðhöndlaður, þar til ég taldi mig vera komna með þá flokka sem gætu svarað rannsóknarspurningunni; Í hverju felst umhyggja í starfi með börnum að mati leikskólakennara? Eftirfarandi flokkar stóðu eftir: *Umhyggja er: viðhorf, fagleg þekking, að vera til staðar, að veita stuðning og að setja mörk.*

Eins og áður hefur komið fram voru viðmælendur í öllum viðtölunum, konur, en starfsheitin eru karlkyns, þ.e. *leikskólakennari, leikskólastjóri* og svo framvegis. Þetta olli nokkrum vanda við ritun greinarinnar. Málfræðilega rétt hefði verið að nota *málfræðilegt kyn*, það er karlkyn. Ég mun þó bregða út af þeirri venju víða og nota *þær* og önnur kvenkynsformöfn þegar vísað er til þátttakenda.

Það er ekki málfræðilega rétt að segja þær leikskólakennararnir en ég hef ákveðið að gera það þar sem það eru eingöngu konur sem taka þátt í rannsókninni³.

Í hverju felst umhyggja að mati leikskólakennara?

Eins og komið hefur fram er hægt að skipta svörum leikskólakennaranna í nokkra meginflokka. Verður nú sérstaklega gerð grein fyrir þeim meginviðhorfum sem birtast.

Umhyggja er viðhorf

Leikskólakennararnir notuðu hugtökin umhyggja og umönnun jöfnum höndum. Sumar töldu hugtökin umönnun og umhyggju vera af sama meiddi og að erfitt væri að gera greinarmun þar á en aðrar töldu hugtökin ekki merkja það sama þó að þau gætu verið samtvinnuð. Viðhorfið kemur skýrt fram í svörum Telmu sem sagði: „Þetta er mjög samtvinnað. Manni þarf að vera annt um skjólstæðingana til þess að veita þeim umönnun, til að það skili sér.“ Saga virðist ekki gera greinarmun á hugtökunum, hún segir: „Umhyggja fyrir barninu er líka umönnun þess ... maður er þá meira að hugsa um það líka að barnið fái öll þessi tækifæri og umönnunin felst í því að maður sé að gefa þeim þau.“ Þátttakendur í rýnihópi Rjóðurs töldu hins vegar að umönnun væri ekki það sama og umhyggja, hjá þeim kemur fram að ef viðhorf fylgja ekki með sé hægt að ræða um vélræn vinnubrögð eins og minnst er á hér að framan. Vaka sagði: „... í mínum huga er þetta orð [umönnun] einhvern veginn þannig að þú getir í rauninni sinnt því án þess að hafa umhyggju á bak við það, ... já gert það svona að rútínu ...“ Að mati þeirra þarf umhyggja alltaf að liggja að baki umönnun ef hún á að koma að gagni og fullnægja þeim faglegu kröfum sem gerðar eru

til starfsins. Það er viðhorfið sem skiptir máli.

Umhyggja er fagleg þekking

Leikskólakennararnir töldu að umhyggja og umönnun væri innbyggð í allt starf leikskólans. Þar skiptu allar stundir jafnmiklu máli, bleiuskipti jafnt sem leikur og hópastarf. Saga sagði:

Mér finnst umönnun ekki bara vera að faðma og skipta á bleium, [heldur] líka það að vilja gefa barninu möguleika á að læra. ... Mér finnst í rauninni allt leikskólastarf vera ákveðin umhyggja. ... Bara það að fá út úr leikskólanum sjálföruggt, vel þroskað barn, ... barn sem getur þroskast á eigin forsendum. Gefa þeim sem sagt tækifæri, það er líka umhyggja.

Leikskólakennararnir sögðust sífellt hafa í huga hvernig börnin þroskast og hver framtíð þeirra gæti orðið; þær reyndu ávallt að finna leiðir til að fleyta hverju barni áfram. Þetta má greinilega sjá hjá Sölkun: „Það er náttúrulega umhyggja líka því við erum sífellt að hugsa um hvernig þeim reiðir af síðar meir.“ Og Saga bætir við: „Við verðum auðvitað að mæta þeim þar sem þau eru stödd. Með því að gefa þeim tækifæri til að njóta sín og blómstra.“ Samkvæmt þessu er það umhyggja að hafa hagsmuni barnanna að leiðarljósi í starfinu og hlusta á þeirra sjónarmið.

Saga sagðist nota tækifærið í dagsins önn til að efla ákveðna þætti hjá börnunum. Hún nefndi sem dæmi að ef barn kæmi til hennar og vildi setjast hjá henni og hún vissi að barnið þyrfti að fá þjálfun í að þekkja litina, þá gripi hún tækifærið og ræddi um litina, t.d. á fötunum sem barnið væri í. Tanja tók í sama streng og sagði það skipta máli að geta *lesid* hvern einstakling, hvers hann þarfnadist, það væri hlutverk leikskólakennarans að koma til móts við barnið væri þess einhver kostur.

³ Slíkt frávik frá íslenskri málfræði gæti flokkast sem *femínísk aðferðafræði*, mér er hins vegar ekki kunnugt um hvort einhver hafi skrifað um þá aðferðafræði. En þar sem ég tel mikilvægt að viðurkenna kyn viðmælenda minna hef ég valið að fara þessa leið að þessu sinni. Í bók sinni *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*, fjallar Ingólfur Ásgeir Jóhannesson um það hvernig hugtak eins og kennslukona lagðist af og varð kennari og fósturur orðu leikskólakennarar, hvort tveggja málfræðilegt karlkyn.

Flestir leikskólakennararnir minntust á mikilvægi þess að kynnst barninu frá sem flestum hliðum. Sem dæmi um þetta má nefna að þátttakendurnir í rýnihópi Fjalls töluðu um að þær legðu mikið upp úr því að þekkja vel bakgrunn barnsins, það auðveldaði þeim að sjá hlutina í samhengi. Salka sagði: „Það má ekki gleyma umhyggjunni sem við berum líka stöðugt fyrir þeim utan veggja leikskólans, við erum stöðugt að hugsa um velferð þeirra annars staðar.“ Þegar ég bað þær um að segja mér hvað átt væri við tóku þær sem dæmi líðan barnanna og heimilisaðstæður þeirra. Ásta orðaði það svo:

Ef maður veit t.d. um heimilisaðstæður, breytar aðstæður sem maður gæti kannski hugsað að barn ætti erfitt með að búa við, skilnaður og svona. Maður sér það hvernig þau breytast í skapinu, hvernig þau fara að láta sínar tilfinningar bitna á eða brjótast út harkalega gagnvart öðrum. Þau deyfa vanlíðan sína.

Ásta taldi að ef barn ætti erfitt heima fyrir þyrfti leikskólakennarinn að sinna því sérstaklega, halda utan um barnið í eiginlegri og óeiginlegri merkingu, hjálpa því og styðja það í gegnum erfiðleikana. Því væri faðmlag, bros og hlýlegt viðmót mikilvægur hluti af umhyggjunni. „Umhyggja er að taka börnin í fangið og knúsa þau,“ sagði Kata. Tanja bætti við:

Fyrir mér er bara mjög mikilvægt að öllum líði vel. ... Mér finnst þegar við erum í hvíld, að vera með þeim, koma við þau, vera hjá þeim, þú veist faðma þau ... þessi tími þegar við erum að skipta á, mér finnst hann rosalega mikilvægur.

Leikskólakennararnir, sem tóku þátt í rannsókninni, töldu það skipta máli að tengjast börnunum og kynnst þeim. Eins og Vaka sagði: „... það er að láta sér annt um börnin af því að þú þekkir þau.“ Ásta taldi mikilvægt „að hlusta eftir tilfinningalegri líðan barnsins“ og Unnur sagði umhyggju felast í því að veita hverju barni þá athygli sem það þarfnadist og jafnframt að gefa hverjum og einum tíma. Hún bætti við:

Ekki kannski endilega vera að kjassa og knúsa ... það er náttúrulega gott með. En

að fá athyglina og gleymast ekki. Ég held að það sé númer eitt, tvö og þrjú. Já, og svona hlýlegt viðmót.

Ljóst er að þær telja umhyggju byggjast á faglegri þekkingu, ekki er nóg að hlusta aðeins á yrt skilaboð barnanna, það er ekki síður mikilvægt að greina látbragð og atferli og hlusta þannig eftir líðan barnanna. Unnur tók sem dæmi að hegðun barns geti sagt til um líðan þess; því skipti máli að reyna að skilja hvert barn og sjá það frá fleiri en einu sjónarhorni. Eins og Helga sagði: „Hvað er þetta barn að hugsa? Hvernig líður henni?“ Ásta orðaði það svona: „Umhyggja getur verið að sinna þessum líkamlegu þörfum kannski fyrst og svo andlegum þörfum líka. Bara að hlusta eftir tilfinningum og líðan og geta komið til móts við það.“ En það skiptir vissulega líka máli að sinna grunnþörfum barnanna – eins og Saga sagði, „að gefa þeim að borða og skipta á þeim, að láta þeim líða vel.“ Ljóst er að umönnun barns snýst bæði um að sinna andlegum og líkamlegum þörfum þess. Þetta verður að fara saman að mati leikskólakennaranna.

Umhyggja er að vera til staðar

Hjá leikskólakennurunum kom fram að umhyggja snerist um nærveru og stuðning. Þær töldu um að leikskólakennarinn þyrfti að vera fær um að gefa af sér og að vera til staðar af heilum hug fyrir barnið, veita því óskipta athygli. Einn stjórnandinn orðaði það svona: „Mér finnst þetta stundum vera tengt þessari nærveru, hvort þú ert virkilega nærstödd fyrir barnið eða hvort hugurinn er einhvers staðar annars staðar.“

Í viðtölunum við leikskólakennarana kom ítrekað fram að þeim finnst skipta máli að hver og einn fái þá athygli og umhyggju sem hann þarfnast. Unnur nefndi sem dæmi að það mætti ekki gera ráð fyrir að barn, sem yndi sér vel, þyrfti ekki á öðrum að halda, það væri misjafnt hversu mikillar athygli einstaklingarnir þörfuðust; því þyrfti að gæta þess að *hlusta á* og *sjá* öll börnin. Hún sagði: „Það eru einstaklingar sem geta gleymst af því þeir eru svo sjálfum sér nægir og þurfa bara

ekkert á manni að halda. Eða maður heldur það.“ Í rýnihópi Fjalls komu fram svipuð viðhorf þar sem rætt var um að bæði börn og fullorðnir þyrftu að upplifa það að borin væri umhyggja fyrir þeim og því sem þau væru að gera. Þetta viðhorf kom skýrt fram í svari eins stjórnandans:

Umhyggjan er náttúrulega bara stærsti þátturinn. ... Ef það er ekki borin umhyggja fyrir þér þá ertu ekki að nema rétt [meðtaka] vegna þess að þá líður þér ekki nógu vel. Bara eins og fullorðið fólk líka – ef þú ert alltaf hálf „nervös“ og þú finnur ekki umhyggjusemi frá þínum samstarfsaðilum þá ertu ekki með hugann við það sem þú átt að vera með hugann við.

Leikskólakennararnir töldu mikilvægt að taka á móti hverjum og einum á hennar/hans forsendum. Hvort sem það er knús og faðmleg eða að ná augnsambandi er það staðfestingin sem barnið fær frá leikskólakennaranum sem er mikilvæg. Þetta kemur vel fram í svari Lilju: „Ég [barnið] skipti máli, það er tekið eftir mér.“ Umhyggja er að vera til staðar, eins og María sagði: „Að vera til staðar þegar þau þurfa á þér að halda.“ Það að skipta máli er að mati leikskólakennaranna forsenda þess að einstaklingur geti dafnað og þroskast.

Umhyggja er stuðningur

Annað sem leikskólakennararnir töldu mikilvægt var að leikskólakennari þurfi að vera fær um að geta sett sig í spor barnanna til að geta áttað sig á líðan þeirra. Það geri leikskólakennarinn m.a. með því að hlusta á og bera virðingu fyrir löngunum og þörfum barnanna. Stella sagðist t.d. reyna að ræða við foreldra og gera þeim grein fyrir því að virðing fyrir tilfinningum barnsins skipti máli. Hún tók sem dæmi að það væri sjálfsgagt að barnið vissi ávallt hver kæmi að sækja það. Hún sagðist gjarnan biðja foreldra að reyna að setja sig í spor barnanna með því að hugsa: „Hvernig myndi mér líða ef ...?“ Stella talaði um að barnið þyrfti að fá að vita um allar ákvarðanir sem snertu það eins og framast væri kostur. Hún bætti við:

Mér finnst þetta líka þáttur í umhyggju, þessi virðing fyrir þeim sem börnum. Þótt þau séu börn þá þurfa þau að vita framhaldið, [hvað er framundan] ... já, að bera virðingu fyrir þeim sem vitsmunaverum. Það er stundum talað eins og þau séu bara – eins og þau skipti ekki máli – þau eru bara börn.

Leikskólakennararnir töldu að umhyggja fælist í því að veita barninu stuðning við það sem það væri að fást við, bæði stórt og smátt. Þar skiptu skipulag og reglur máli því umhyggjan birtist í skipulaginu og reglunum sem giltu í leikskólanum og í samfélaginu almennt.

Umhyggja er að setja mörk

Leikskólakennararnir töldu að það veitti börnunum öryggi ef þau þekktu reglur og skipulag leikskólastarfsins og vissu hvar mörkin lægju. Börnin þyrftu að geta treyst leikskólakennaranum, vita hvers væri að vænta, þekkja umhverfi sitt og vita hvaða reglur giltu. Salka sagði: „Ég held að umhyggja sé mikið þetta traust sem barnið ber til [leikskóla] kennarans og umhverfis síns. Ef það finnur það þá endurspeglar það umhyggju sem við veitum barninu.“ Tanja taldi það skipta máli að kunna að hæla og hrósa og að grípa inn í á réttan hátt á réttum tíma. Hún áleit það einnig skipta máli að geta tekið barn út úr aðstæðum sem það réði ekki við en það þyrfti að gera af natni og af virðingu fyrir barninu. Gefum Tönju orðið:

Þú veist, sum börn eru þannig að þau gera eitthvað af sér en maður þarf að taka utan um þau. Þau eiga kannski erfitt og þurfa þá að fá svona innri ró. ... Mér finnst voða gott að taka þau í fangið, maður þarf ekki að segja neitt, bara aðeins smástund.

...

Þetta er stundum voðalega erfitt, að þurfa að sýna smáhörku, að láta þau skilja að það má ekki ganga svona langt. Æ, það er eitthvað sem maður myndi alveg vilja sleppa. En það þýðir bara ekkert. Þau verða að fá þennan ramma.

Það viðhorf kom fram í öðrum rýnihópnum að það væri „... ekkert hollt að fá að velja um allt. Börn eiga ekkert að fá að stjórna öllu því

að þá mynda þau ekki þessa sjálfstjórn og sjálfraði.“ Þátttakendur töldu að börn þyrftu að læra að lúta reglum til að öðlast innri aga – til þess að geta farið eftir reglum og síðan bjargað sér sjálf síðar meir. Þær töluðu einnig um að börnin þyrftu að standa við þær ákvarðanir sem þau tækju og áttu þá m.a. við að börnin héldu sig við það sem þau hefðu valið sér að gera. „Það eru reglur úti um allt og maður getur ekki leyft sér að vera bara stjórnlaus og vaða bara uppi,“ sagði Telma. Í rýnihópi Fjalls sögðu þátttakendur þetta: „Starfið snýst um það að við berum þessa umhyggju fyrir barninu. Það er stór þáttur í því að kenna og leggja inn hjá þeim – í öllu sem við erum að gera.“

Gildi umhyggju fyrir starfið í leikskólanum

Bæði í viðtölunum og umræðunum í rýnihópum kom fram að umhyggjuhugtakið hefði fengið frekar neikvæða umfjöllun þar sem það væri oftast tengt umönnun aldraðra sem væri svo aftur tengd manneklu og lágum launum. Líklegast væri það ástæða þess að umönnun og umhyggju væri ekki gert jafnhátt undir höfði nú og áður fyrr. Þetta viðhorf kom skýrt fram hjá Maríu: „Við vorum að ræða þetta um daginn ... þetta er farið að fá þannig séð einhvern neikvæðan stimpil þó að þetta sé ekkert ljótt orð – neikvæðari mynd heldur en var, finnst mér.“

Í rýnihópi Fjalls kom hins vegar fram að þeim fyndist eins og umræðan væri farin að snúast í þá átt að það að vera fær um að sýna umhyggju og þekkja tilfinningar sínar og þora að sýna þær væri eitthvað sem væri eftirsóknarvert. Þetta töldu þær að hefði breyst í árána rás. Þátttakendum fannst líklegt að hluta skýringarinnar mætti rekja til þess að Íslendingar hefðu yfirleitt verið taldir heftir og ekki gjarnir á að sýna eða tala um tilfinningar sínar. Í uppeldinu hefði þetta birst þannig að það mátti ekki gráta, það átti að harka af sér og vera duglegur; það var talið veikleikamerki ef sást að eitthvað var að. En eins og kom fram í rýnihóp Fjalls: „En ég held við séum að læra, bara þessa umhyggjusemi, hún er miklu meiri

[í dag] og hún er ekkert plat, skilurðu. Hún er virkilega það sem fólk vill sýna í dag.“

Að mati þátttakenda í rannsókninni er umhyggja innbyggð í allt starf leikskólans og felst í því að mæta hverju barni þar sem það er statt, jafnt líkamlega sem andlega. Umhyggja felst í samskiptum og tengslum sem lýsa sér í því að hlusta á þarfir, væntingar og langanir allra barnanna. Umhyggja birtist í því að skapa traust og öryggi með því að setja mörk og sýna hlýju og gefa barninu með því tækifæri til að þroskast og dafna á eigin forsendum og nýta möguleika sína á sem bestan hátt. Umhyggja er fólgin í skipulagi og reglum sem skapa öryggi. Umhyggja kemur fram í því að láta sig varða þroska hvers einasta barns. Í flestum viðtölunum kom fram það viðhorf að umhyggja fyrir grunnþörfum einstaklingsins væri forsenda þess að hann næði að þroskast og læra. Eins og Saga orðaði það:

Þau þurfa að nærast, þau þurfa að hvílast, þeim þarf að líða vel, vera þurr. Sem sagt, já, í þurrum fötum, ekki kalt og ekki of heitt. Þetta þarf allt að koma í rauninni áður ... svo getur maður farið að læra, og læra með ánægju. Hafa gaman af að leika sér eða, já, að vera til almennt.

Saga bar þetta saman við þarfapírámíða Maslows, hún taldi undirstöðurnar þurfa að vera sterkar svo að yfirbyggingin héldi. Unnur taldi að áhrifa umhyggjunnar gætti til lengri tíma; þannig gæti t.d. skortur á umhyggju á fyrstu árum barns haft áhrif á tilfinninga- og félagsþroska þess síðar á ævinni. „Ég held að hún [umhyggjan] skipti alveg rosalega miklu máli,“ sagði Unnur. Þegar ég bað hana að nefna mér dæmi svaraði hún:

Já, við gætum kannski bent á svona vanræta einstaklinga, þeir eru til sem eru alveg sýnilega vanræktir og það kemur mjög fljótt fram. Ég held að þessir einstaklingar geti minna gefið af sér og verði svona einhvern veginn kaldari og svona, já, passívari og þeir eiga erfitt með að mynda tengsl.

Sama sjónarmið kom fram hjá Tönju sem sagði: „Umhyggja á fyrstu árunum er forsenda

velliðunar síðar meir. Gildi hennar [umhyggju] er því ótvírætt.“ Flestar töldu að umhyggja fyrir tilfinninga- og félagsþroska væri mikilvæg. Að umönnun barnsins og umhyggja fyrir því á fyrstu árum þess væri frumforsaða þess að barnið næði að þroskast og læra. Vaka sagði:

Umönnunin er alveg gríðarlega mikilvæg í leikskólanum af því að frumforsaða þess að börnunum líði vel hjá okkur er að þau séu tilfinningalega örugg og við veitum þeim öryggi með því að annast þau vel. Undirstaða þess að börnin blómstri og þeim líði vel hjá okkur er að þau fái þessa tilfinningalegu örvun í gegnum umönnunina.

Umræða

Helstu niðurstöður þessarar rannsóknar eru þær að umhyggja fyrir hverju barni er samofin öllu starfi leikskólans. Allar stundir í leikskólanum eru jafnmikilvægar og felast í að mæta hverju barni þar sem það er statt, jafnt líkamlega sem vitsmunalega; nefnt var sem dæmi að bleiuskiptastundirnar væru jafnmikilvægar og hópastarfið. Almennu eru stöðir leikskólaskólastarfsins taldar vera – auk leiksins – traust, hlýja og umönnun og umhyggja fyrir barninu.

Leikskólakennararnir telja að bros, faðmlag og hlýlegt viðmót sé þáttur í umhyggju sem ekki megi vanmeta. Þetta skipti máli fyrir vellíðan barnsins og ráði miklu um það hvort barnið geti nýtt möguleika sína til fullnustu. Leikskólakennararnir telja að umhyggja felist í því að mynda tengsl og skapa traust og öryggi, að hlusta eftir þörfum og væntingum hvers einasta barns. Umhyggja skiptir máli fyrir félags- og tilfinningaþroska barna svo að þau fái notið möguleika sinna og tækifæra. Þetta er í samræmi við það sem kemur fram hjá flestum þeim fræðimönnum sem hafa skrifað um mikilvægi umhyggju fyrir þroska barnsins. Vert er að benda á að þó að yfirleitt leggi leikskólakennararnir nokkuð upp úr hugtakinu umhyggja gera þær ekki alltaf skýran greinarmun á hugtökunum umhyggja og umönnun.

Skilningur þátttakenda á umhyggju samræmist um margt skilgreiningum Sroufe (1995) og Noddings (2003, 2005), það er að umhyggja snúist um samskipti, tengsl og nærveru, og að grunnurinn að tilfinningaþroska einstaklingsins sé lagður á fyrstu æviárum hans. Í því felst að mati þátttakenda að ekki má vanmeta mikilvægi blíðra brosa og hlýrra faðmlaga, því að slíkt skipti máli fyrir vellíðan barnsins og þá um leið færni þess í að nýta sér möguleika sína. Ef einstaklingi líður ekki vel nær hann ekki að nema úr umhverfi sínu það sem það hefur að bjóða. Þetta styður við fyrri rannsóknir sem sýna að hlýja, öryggi, traust og umhyggja sé það sem skipti máli svo að einstaklingurinn nái að þroskast og dafna (Sroufe, 1995; Shore, 1997). Þessi atriði ásamt virðingu fyrir tilfinningum hvers barns, sem þátttakendur lögðu áherslu á að þyrfti að vera til staðar, eru það sem Sigríður Halldórsdóttir (1989) telur einkenna faglega umhyggju.

Líkt og Broström (2003) og fleiri telja leikskólakennararnir að umhyggja felist m.a. í viðhorfi leikskólakennarans, sýn hans á börnin og hvernig hann nálgast börnin. Þær telja að sýna beri hverjum og einum virðingu, það sé lykilatriði sem leikskólakennarar þurfi að temja sér. Mikilvægt sé að barnið finni að virðing sé borin fyrir því. Þetta er í samræmi við niðurstöður Sigrúnar Aðalbjarnardóttur (2007). Það sama kemur einnig fram hjá Noddings (2002), en hún telur að allir, jafnt fullorðnir sem börn, þarfnist umhyggju.

Noddings (2003) telur að viðhorfið og tengslin við þann sem annast er um hafi áhrif á umhyggjuna. Í viðtölum við þátttakendur kom fram þessi sama afstaða: það er hugsunin og viðhorfið að baki umhyggju sem skiptir máli, það er að leikskólakennari sem ber faglega umhyggju fyrir börnum í sinni umsjá beri jafnframt tilfinningar til þeirra, annist börnin af hlýju og virðingu, jafnvel væntumþykju. Sigrún Aðalbjarnardóttir (2007) bendir á að umhyggja þurfi ekki endilega að fela í sér væntumþykju þótt þetta tvennt fari gjarnan saman. Leikskólakennararnir könnuðust við að hafa haft starfsfólk sem vann vélrænt að því að

sinna börnunum, gerði það sem því bar án þess að gefa neitt af sér. Þar byggðist umönnunin hvorki á tilfinningatengslum né ýtti undir þau. Westmark (2002) bendir á að umönnun án umhyggju sé hvorki gefandi fyrir kennarann né barnið og því ekki fagleg. Westmark bendir enn fremur á að umhyggjuhugsun spretti ekki fram af sjálfu sér, hana þurfi að ígrunda og rækta eigi hún að nýtast kennaranum sem uppeldis- og kennslutæki. Ein af undirstöðum umhyggjuríkra samskipta er að þekkja sjálfan sig og viðhorf sín (Westmark, 2002). Í ljósi þessa ættu skipulagðir umræðufundir þar sem kennurum og öðru starfsfólki gefst tækifæri til að velta fyrir sér hugtökum eins og umhyggju að vera þáttur í starfi leikskóla.

Leikskólakennararnir telja að börn þroskist og læri í gegnum leik og umhyggjusöm samskipti við fullorðna og jafnaldra. Umhyggja, uppeldi og nám, allt fléttast þetta saman í daglegu starfi leikskólans og verður ekki sundurslitið. Ekki er hægt að tala um annaðhvort eða í leikskólanum. Barnið lærir um leið og um það er annast auk þess sem börnin læra hvert af öðru. Þetta er í samræmi við það sem kemur t. d. fram hjá Broström (2003) og Karlsson-Lohmander og Pramling-Samuelsson (2003). Að mati þátttakenda er gildi umhyggjunnar ótvírætt fyrir félags- og tilfinningaþroskann, og grunninn að starfinu í leikskólanum. Þær líta svo á að umhyggja sé forsenda þess að barn geti lært og þroskast og því undirstaða vitrans þroska. Barn sem nýtur góðrar umhyggju og nær að mynda tengsl við einn eða fleiri leikskólakennara er vel í stakk búíð til að læra af upplifunum sínum og viðfangsefnum í dagsins önn. Þetta er í samræmi við aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið og sýna að börn sem njóta góðrar umhyggju á fyrstu árum sínum eiga auðveldara með að læra og mynda tengsl en þau börn sem skortir umhyggju þessi ár (Sroufe, 1995; Shore, 1997; Goldschmied og Jackson, 2004).

Leikskólakennararnir tengja það umhyggju að vera til staðar fyrir barnið, bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Að vera til staðar merkir það að vera andlega nærri en ekki fjarri.

Að mati leikskólakennaranna snýst það um að hafa tilfinningar til einstaklingsins sem manni er falin umsjá með og láta sig hann varða. Það er t.d. gert með því að hlusta eftir tilfinningum og líðan barns. Í hlustun eftir tilfinningum felst að veita athygli bæði yrtum og óyrtum skilaboðum sem barnið sendir frá sér. Þetta er hlustun sem byggist á andlegri nærveru leikskólakennarans og fær stuðning af ígrundun og vangaveltum hans: Hvað er þetta barn að hugsa? Hvernig líður þessu barni? Leikskólakennarinn reynir að setja sig í spor barnsins og aðstoða það við að taka ný skref. Svipuð áhersla kemur fram í rannsókn Johannsson (2001) sem telur nærveru leikskólakennarans skipta miklu máli og á þar við að veita óskipta athygli, þ.e. að vera vakandi og ígrunda og hlusta á það sem fram fer. Nokkrir þátttakenda í rannsókn minni nefna einmitt að það skipti máli að vera vakandi og með hugann við það sem fram fer og grípa tækifærið í dagsins önn. Til að geta verið til staðar fyrir hvert barn og veitt því þá umhyggju sem það þarfnast hverju sinni er mikilvægt, að mati leikskólakennaranna, að þekkja bakgrunn barnsins. Það auðveldar leikskólakennaranum að sjá hlutina í samhengi og gerir honum kleift að styðja barnið í að vinna betur úr reynslu sinni og nýta þekkingarheim barnsins til að leiða það inn á nýjar slóðir.

Umhyggja snýst um samskipti. Hún lýsir sér í hrósi og hvatningu með létttri stroku um bak, klappi á öxlina eða hvetjandi augnsambandi; hún er skilaboð til barns um að það skipti máli, að eftir því sé tekið, að leikskólakennaranum sé ekki sama um það. Umhyggja felst í því að veita hverju barni þá athygli sem það þarfnast og gefa því tíma. Þetta samræmist því sem Broström (2003) heldur fram, að umhyggja felist m.a. í því að veita hverju barni athygli og mæta þörfum hvers og eins. Þegar leikskólakennari sýnir barni athygli er hann að skapa tengsl milli sín og barnsins. Leikskólakennari, sem vill ná árangri, byggir upp traust tengsl á grunni umhyggju, hlustar eftir þörfum og væntingum hvers og eins og lærir að skilja sjónarmið barnanna; hlusta, sjá og skilja. Því er mikilvægt að leikskólakennarar

temji sér vinnubrögð sem geri þeim kleift að rækta þennan þátt starfsins.

Umhyggja felst í því að veita hverjum og einum þann stuðning sem hann þarfnast til að vaxa og dafna, umhyggja er mikilvægasti þáttur starfsins og snertir bæði börn og fullorðna. Börn kalla mismikið á athygli hins fullorðna, ekki má gera ráð fyrir að þó að barn uni sér vel þurfi það ekki á manni að halda. Noddings (2003) heldur því fram að allir þurfi að finna að fyrir þeim sé borin umhyggja en umhyggjan breytist eftir því sem einstaklingurinn eldist og þroskist. Allir þurfi umhyggju sem felst í jákvæðum viðbrögðum gagnvart þeim, hver og einn á rétt á að honum sé sýnd virðing eins og hann er. Í rýnihópi Fjalls kom fram að til þess að manni liði vel, hvort sem um væri að ræða barn eða fullorðinn, þyrfti hann að finna að það væri borin umhyggja fyrir honum, að hann skipti máli. Westmark (2002) álfur að umhyggjusemi hafi áhrif á alla í leikskólanum, bæði börn og fullorðna, það sýni sig m.a. í því að þar sem umhyggja er í hávegum höfð verði samskipti opnari og jákvæðari. Samskiptin einkennist þannig af viðurkenningu.

Agi og rammi um starf leikskólans er sívinsælt umræðuefni hvar sem starfsfólk leikskóla kemur saman. Þar eru hugtökin agi og umhyggja gjarnan nátengd. Þetta sjónarhorn birtist í svörum sumra viðmælenda minna, sem telja umhyggju fyrir barninu felast í rammanum og reglunum sem gilda í leikskólanum og samfélaginu og því hvernig þeim er framfylgt. Þær telja það veita barni öryggi að þekkja mörkin og afleiðingar þess að fara út fyrir rammann. Fram kom að ef barn bryti reglu eða færi yfir gildandi mörk þyrfti að taka á því af festu, en skoða bæri brot og afleiðingar í samhengi. Hér er því ekki hafnað að rammi og reglur skipti miklu máli. Hins vegar má velta fyrir sér hvort þessi mikla áhersla á rammann og viðurlögin bendi ekki að einhverju leyti til vérlæna viðhorfa. Aðrir bentu á að barn sem upplifir umhyggju af hálfu leikskólakennarans hlýtur að treysta honum. Einnig kom fram að innan rammans þyrfti að vera ákveðinn sveigjanleiki. Það þýðir að ekki dugi að setja

alla undir sama hatt, meta þurfi kröfur til barnanna út frá aðstæðum og út frá þeim sem í hlut á hverju sinni.

Viðmælendur mínir telja að umhyggja á fyrstu árum barns sé undirstaða velgengni síðar meir, og hafi áhrif á tilfinninga- og félagsþroska barnsins síðar á ævinni og telja gildi hennar því ótvírætt. Þetta er í samræmi við það sem langtímarannsóknir, sem gerðar hafa verið, sýna, þ.e. að börn sem búa við skort á umhyggju á fyrstu árum ævi sinnar eiga erfiðara með að tengjast umhverfi sínu og læra í því og af því en þau sem búa við góða umönnun og njóta umhyggju (Shore, 1997). Umhyggja er talin vera einn af þeim grundvallarþáttum sem hafa áhrif á félagslegan, tilfinningalegan og vitrænan þroska barna (Manning-Morton og Thorp, 2003; Goldstein, 2002; Johannsson, 2001). Í ljósi þess ætti að gera umhyggju hátt undir höfði í leikskólastarfi.

Samantekt

Það kemur ekki á óvart að leikskólakennararnir sem rætt var við gera svipaðan greinarmun á hugtökunum umhyggja og umönnun og leikskólakennararnir Elva Önundardóttir o.fl. (2006), þ.e. að umhyggja sé gildi en umönnun framkvæmd. Umhyggja er viðhorf að mati leikskólakennaranna, það sé því viðhorfið og hugsunin að baki gjörðinni sem skiptir máli. Niðurstaðan er að ekki sé hægt að sinna starfinu í leikskólanum á faglega fullnægjandi hátt nema bera umhyggju fyrir hagsmunum barnanna; til þess þarf kennarinn að vera fær um að tengjast börnunum og reyna að setja sig í spor þeirra.

Margt af því sem kom fram í viðtölunum og rýnihöpunum fellur saman við skilgreiningar Noddings (2003, 2005) og Sroufe (1995) á umhyggju, þ.e. að umhyggja byggist á tengslum milli tveggja (þess sem veitir og þess sem þiggur), þar sem sinnt er bæði líkamlegum og andlegum þörfum af alúð og virðingu fyrir einstaklingnum.

Að mati leikskólakennaranna felst umhyggja í því að setja börnum mörk í þeim tilgangi að veita þeim öryggi, hins vegar þurfi ramminn að

vera sveigjanlegur og falla að aldri og þroska barnanna. Ekki dugi að setja eina reglu sem gildi fyrir alla. Það viðhorf að börn þurfi að lúta ytri reglum til að öðlast innri aga, annars verði þau stjórnlaus, lýsir ekki að mínu mati þeirri virðingu sem annars birtist í viðhorfi leikskólakennaranna til barna. Það væri vert að skoða nánar hugtakið agi og hvað átt er við með stjórn og stjórnleysi barna, gæti verið efni í aðra rannsókn.

Hljóga og virðing, þar sem hagsmunir barnanna eru í fyrsta sæti, er það viðhorf sem skín í gegnum flest það sem leikskólakennararnir segja. Þær eru nær allar þeirrar skoðunar að ekki sé hægt að sinna starfinu í leikskólanum nema láta sér annt um hagsmuni barnanna. Leikskólakennari þurfi að vera fær um að tengjast börnunum og setja sig í þeirra spor. Þar skipti viðhorf og hugsun leikskólakennarans máli. Vissulega sé hægt að sinna starfinu í leikskólanum án þess að gefa neitt af sér en gildi þess er mjög dregið í efa.

Niðurstaða rannsóknarinnar er að leikskólakennarar eru meðvitaðir um mikilvægi umhyggju fyrir þroska barnsins og að leggja þurfi á hana ríka áherslu í leikskólastarfi. Leikskólakennararnir sem tóku þátt í þessari rannsókn telja að umhyggja fyrir börnum felist í því að láta sig bæði andlegar og líkamlegar þarfir barnanna varða. Niðurstöðurnar staðfesta fyrri þekkingu og almennt álit á mikilvægi umhyggju fyrir nám og þroska barna. Það er athyglisvert að þátttakendur í rannsókninni telja að ekki eigi að vanmeta mikilvægi blíðra brosa og hlýrra faðmlaga, slíkt skipti máli fyrir vellíðan barnanna, og hafi aftur áhrif á þroska og hæfileika barnsins til að læra – þættir sem ekki hefur verið gert hátt undir höfði og hafa kannski verið taldir of sjálfsagðir til að gefa þeim gaum. Í leikskóla þarf umhyggja og nám að vera samofað, þannig að barnið læri um leið og um það er annast en til þess að svo megi verða þarf leikskólakennarinn að búa yfir faglegrri færni.

Abstract

Caring in playschool: Playschool teachers' definition and perspectives

The main aim of this investigation was to shed light on the part that care plays in playschool⁴ education. Emphasis was placed on demonstrating how playschool teachers perceive the term “care” in playschool education.

Method

Purpose sampling was used to choose the participants. This is qualitative research, wherein the material has been gathered by interviewing eight playschool teachers and carers and additionally the members of two focus groups with a total of twelve administrators from the two playschools involved in the research project.

The interview was semi-structured, with certain major questions asked, but allowed the interviewer to spin off from the respondents' answers. An interview, with one at a time, can help the responder to reflect on material that sometimes is unquestioned, such as caring (Kvale, 1996/1997). Focus groups rely on the thoughts and experiences of a group of individuals, which is why I chose the management team from the two playschools to take part in focus group interviews.

The data were categorised as to the themes: Caring as a perspective and professional knowledge, caring as presence, caring as support, caring involves setting limits.

Conclusion

The main conclusion was that the participants hold care to be the basic factor in all of playschool work. The playschool teachers thought that the importance of gentle smiles and warm hugs is underestimated in playschool practice. They claimed it is very significant for the well-being of the child, as well as for its

⁴ I use the word playschool for educational settings for children aged 1–6 years old, as is standard in Iceland.

ability to learn from its environment, that the child is met with warmth and respect. Care and education of playschool children are interlinked and the one cannot be attended to without the other. The participating playschool teachers and carers seemed aware of the importance of care for the social and intellectual maturation of children and believed care to be a prerequisite for the child's learning and maturation both in terms of its individual potential and in terms of when to push and when to pause.

Care encompasses both a view and an attitude. The participants held it of paramount importance that the playschool be an arena for open discussion, where everyone gets a chance to reflect on their work and to express their views. For what one person perceives as care need not be deemed so by another. It is therefore necessary to stay alert and ask oneself: what am I doing, why and for whom?

Heimildaskrá

- Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (2007). *Qualitative research for education: An introduction to theories and methods* (5. útgáfa). Boston: Pearson.
- Bornstein, M. H., Hahn, C. S., Gist, N. F. og Haynes, O. M. (2006). Long-term cumulative effects of childcare on children's mental development and socioemotional adjustment in a non-risk sample: the moderating effects of gender. *Early Child Development and Care*, 176(2), 129–156.
- Broström, S. (2003). Unity of care, teaching and upbringing – A theoretical contribution towards a new paradigm in early childhood education. Í M. Karlsson-Lohmander (ritstjóri), *Researching early childhood: Care, play and learning curricula for early childhood education* (bls. 21–37). Gautaborg: Göteborg University.
- Dahlberg, G. (2004). Om at skabe sammenhænge. *Børn i Europa: Fag og mangfoldighed*, 6, 36–38. Sótt 15. júlí 2006 af [http://www.bupl.dk/web/internet.nf/2e35920750ab1affc12572260050fcf6/5168c7ad56d5d6ddc1256e460046d201/\\$FILE/ATTPXLXY/06%20B%C3%B8rn%20i%20Europa.pdf](http://www.bupl.dk/web/internet.nf/2e35920750ab1affc12572260050fcf6/5168c7ad56d5d6ddc1256e460046d201/$FILE/ATTPXLXY/06%20B%C3%B8rn%20i%20Europa.pdf)
- Elva Önundardóttir, Gunnur Árnadóttir og Sigríður Sturludóttir. (2006). Menntun á grunni umhyggju. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 1. október 2006 af <http://netla.khi.is/greinar/2006/005/index.htm>
- Goldschmied, E. og Jackson, S. (2004). *People under three: Young children in day care*. London: Routledge.
- Goldstein, L. S. (2002). *Reclaiming caring in teaching and teacher education*. New York: Peter Lang.
- Hitchcock, G. og Hughes, D. (1995). *Research and the teacher: A qualitative introduction to school-based research*. London: Routledge Falmer.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Ransóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2007). *Umhyggja á heima í öllum skólum: Hlutverk, viðfangsefni og sjálfsmynd kennara á 21. öld*. Opunarfyrirlestur á málþingi Kennaraháskóla Íslands 18.–19. október 2007. Sótt 9. júlí 2008 af <http://www.ismennt.is/not/ingo/umhy.htm>
- Íslensk orðabók. (2002). Sótt 1. desember 2006 af <http://edda.is/vefbaekur>
- Johannsson, E. (2001). *Smá barns etik*. Stokkhólmi: LiberAB.

- Jóhanna Einarsdóttir. (2003). The role of preschools and preschool teachers: Icelandic preschool educators' discourses. *Early Years*, 23(2), 103–116.
- Jóhanna Thorsteinsson. (1999a, 6. janúar). Dagvist barna „Gæsluveita Reykjavíkur“. *Morgunblaðið*. Sótt 20. júlí 2006 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=441186
- Jóhanna Thorsteinsson. (1999b, 7. janúar). Leikskólar Reykjavíkur, góðan dag. *Morgunblaðið*. Sótt 20. júlí 2006 af http://www.mblo.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=441418
- Karlsson-Lohmander, M. og Pramling-Samuelsson, I. (2003). Is it possible to integrate care, play and learning in early childhood education? *Researching Early Childhood*, 5, 95–110.
- Kvale, S. (1997). *Den kvalitative forskningsintervju* (S. E. Torhell þýddi). Lundí: Studentlitteratur. (Upphaflega gefið út 1996).
- Manning-Morton, J. og Thorp, M. (2003). *Key times for play: The first three years*. Maidenhead: Open University Press.
- Maslow, A. H. (1954/1987). *Motivation and personality*. New York: Harpers and Row.
- Menntamálaráðuneytið. (1985). *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili: Markmið og leiðir*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (1993). *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla: Markmið og leiðir*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.
- Milton, M. (1971). *On caring*. New York: Harper og Row.
- Noddings, N. (2002). *Educating moral people: A caring alternative to character education*. New York: Teachers College Press.
- Noddings, N. (2003). *Caring: A feminine approach to ethics and moral education*. Berkely: University of California Press.
- Noddings, N. (2005). Caring in education. *The encyclopedia of informal education*. Sótt 18. apríl 2006 af www.infed.org/biblio/noddings_caring_in_education.htm
- Nordin-Hultman, E. (2005). *Pedagogiska miljöer och barns subjektskapande*. Stokkhólmi: Liber AB.
- Rinaldi, C. (1999). The space of childhood. Í G. Ceppi og M. Zini (ritstjórar), *Children, spaces, relations. metaproject for an environment for young children* (bls. 114–120). Reggio Emilia: Reggio Children og DA Research Center.
- Shore, R. (1997). *Rethinking the brain: New insights into early development*. New York: Families and work institute.
- Sigríður Halldórsdóttir. (1989). Umhyggja í hjúkrun – frá sjónarhóli sjúklinga. *Tímarit FHH – félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga*, 6(1), 15–18.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla. Háskólaforlag Máls og menningar.
- Silverman, D. (2000). *Doing qualitative research: A practical handbook*. London: SAGE.
- Smith, A. B. (1993). Early childhood educare: Seeking a theoretical framework in Vygotsky's work. *International Journal of Early Years Education*, 1(1), 47–62.

- Smith, M. K. (2004). Nel Noddings, the ethics of care and education. *The encyclopaedia of informal education*. Sótt 18. apríl 2006 af www.infed.org/thinkers/noddings.htm
- Sroufe, A. L. (1995). *Emotional development. The organization of emotional life in the early years*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Sóley Bender. (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 85–98). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Westmark, P. (2002). Relationskompetence – et didaktisk perspektiv. Í P. K. Johansen (ritstjóri), *Psykologisk pædagogisk rådgivning 39* (bls. 332–344). Kaupmannahöfn: Psykologisk Forlag A/S.

About the author

Sigríður Síta Pétursdóttir is a pedagogical consultant at the Department of Education in the town of Kópavogur. She received an M.Ed. from The Iceland University of Education in 2008, Dipl.Ed from The Iceland University of Education in 2003, B.Ed from the University of Akureyri in 2000, Dipl.Ed from the Icelandic College of Preschool Teachers (Fósturskóli Íslands) in 1994, and graduated from the Icelandic College of Preschool Teachers (Fósturskóli Íslands) in 1989. She received a Pedagogista diploma from Reggio Emilia Institutet in Stockholm in may 2009. She has worked as a playschool teacher and playschool principal. She has also worked as a project leader and teacher at the Department of Education at the University of Akureyri. She places strong emphasis on the value of caring and ethics in playschools. E-mail: sita@kopavogur.is

Um höfundinn

Sigríður Síta Pétursdóttir starfar sem leikskólaráðgjafi á Fræðslusviði Kópavogs. Hún lauk M.Ed-prófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 2008, Dipl.Ed-prófi frá Kennaraháskóla Íslands 2003, B.Ed-prófi frá Háskólanum á Akureyri árið 2000, Dipl. Ed-prófi frá Fósturskóla Íslands 1994 og leikskólakennaraprófi frá Fósturskóla Íslands 1989. Í maí 2009 brautskráðist hún sem Pedagogista frá Reggio Emilia Institutet í Stokkhólmi. Frá árinu 1976 hefur Sigríður Síta starfað við leikskóla, bæði sem almennur starfsmaður og leikskólastjóri. Einnig hefur hún unnið sem utanaðkomandi verkefnisstjóri og ráðgjafi og umsjónarkennari með vettvangsnámi leikskólakennaranema við Háskólann á Akureyri. Helstu áherslur eru að varpa ljósi á þátt umhyggju og siðfræði í leikskólastarfi. Netfang: sita@kopavogur.is